



Áfangalýsing ML

Titill:	Kvikmyndir og saga
Námsgrein:	Saga
Viðfangsefni:	Kvikmyndir og saga
Skammstöfun:	SAGA3AB05
Þrep:	3
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Í áfanganum verður fjallað um sögu kvikmyndanna, frá fyrstu verkum frumkvöðlanna til dagsins í dag. Fjallað verður um kvikmyndagerð sem listform, helstu tímabil, strauma og stefnur í sögu kvikmyndarinnar. Einnig verður fjallað um kvikmyndina sem áróðurstæki og sem leið til að skrá sögu okkar. Íslenskar kvikmyndir verða teknar sérstaklega fyrir. Áfanganum er ætlað að efla læsi nemenda á kvikmyndir, að þeir þekki þróun kvikmyndarinnar sem listforms og afþreyingarmiðils og kunni skil á helstu áhrifavöldum í sögu hennar. Áfanganum er einnig ætlað að efla gagnrýna og skapandi hugsun og almenna þekkingu á kvikmyndaiðnaðinum.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á: • þróun kvikmyndanna sem listforms og afþreyingariðnaðar • þróun íslenskrar kvikmyndagerðar • helstu áhrifavöldum í hópi framleiðenda, leikstjóra og leikara • hvernig kvikmyndir eru nýttar til áróðurs og auglýsinga • gildi kvikmynda við skrásetningu sögunnar
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • tjá sig á skýran, gagnrýninn og skapandi hátt um þá þekkingu sem hann öðlast í áfanganum • sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum við útfærslu sjálfstæðs lokaverkefnis • taka ábyrgan þátt í samræðum um samfélagslegar og menningarlegar aðstæður er koma fram í kvikmyndum • meta og greina hvernig áróðri og auglýsingum er komið til skila í kvikmyndum
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • skilja þróun kvikmyndanna og átta sig á ýmsum vísunum í eldri myndir sem í þeim birtast • beita gagnrýnni hugsun þegar horft er á kvikmyndir



	átta sig á mikilvægi kvikmynda í skrásetningu sögunnar og hvernig hægt er að afbaka söguna í kvikmyndum
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun.